

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI | R L S | |
|---|---------------------------------|------------|--|
| Skýrslu genir 9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi | Mál nr. 006-2002-00086 | IV 58.1 | |
| Staður og stund: Miðvikudagur 8. júní 2005 kl. 13:30 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík | | | |
| Sakarefni: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf. | | | |
| Vitni: Árni Samúelsson | Kennitala: 120742-7799 | | |
| Starf/staða: | Vinnusími: | | |
| Lögheimili: Suðurhlíð 38d, 105 Reykjavík | Sími: 557 7775/896 3730 | | |
| Dvalarstaður: | Sími: arni@samfilm.is | | |

Árni Samúelsson er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999.

Árni nýtur réttarstöðu vitnis við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en samkvæmt fyrirliggjandi gögnum virðist hann hafa átt aðkomu að einkahlutafélaginu Fjárfari við stofnun félagsins, en félagið var stofnað á því tímabili sem ætluð brot munu hafa verið drýgð.

Árna er kunngerð vitnaskyldan um að öllum sé skylt að mæta fyrir dóm í opinberu máli séu þeir til þess kvaddir, sbr. 1. mgr. 49. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Árna er kunngerð vitnaábyrgðin sem er sú siðferðislega ábyrgð og refsíábyrgð sem hann kundi að baka sér með vísitandi eða gáleysislega röngum framburði í skýrslu hjá lögreglu, sbr. 1. mgr. 59. gr. sömu laga. Enn fremur er brýnt fyrir Árna að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kundi að skipta.

Aðspurður segir Árni að hann skilji þau réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn.

Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Árna og svör hans við þeim bókuð eftir honum í óbeinni ræðu.


Fjárfar ehf.

Árni er spurður hvort hann hafi haft einhverja aðkomu að einkahlutafélaginu Fjárfari og hann þá beðinn að gera grein fyrir þeirri aðkomu.

Árni segir að hann hafi aldrei haft neina aðkomu að því félagi og segir enn fremur að hann hafi ekki haft vitneskju um að þetta félag væri til.

Árni er spurður hvort hann hafi haft einhverja aðkomu að kaupum eða fjármögnun hlutfjár í Vöruveltunni hf.

Árni segir að hann hafi enga aðkomu haft að því. Hins vegar segir Árni að hann muni til þess að fyrir nokkrum árum, líklega fyrir sex til átta árum síðan, hafi Jóhannes Jónsson hringt í hann og spurt hvort hann hefði einhvern áhuga á að koma á einhvern hátt að 10-11. Árni segir að í framhaldi af því hafi hann og sonur hans, Björn Árnason, hitt Jóhannes og Jón Ásgeir Jóhannesson. Árni segir að hann hafi strax skýrt frá þeirri afstöðu sinni að hann hefði engan áhuga á að koma að 10-11 á neinn hátt og það sama hafi gilt um Björn. Árni segir að málið hafi aldrei komist á það stig með hvaða hætti sú aðkoma hafi átt að vera og hafi hann ekkert heyrt meira af þessu máli.

GG304 

Vöruveltan hf. – kaup á hlutabréfum**Samningur, dags. 10. nóvember 1998**

Sala annar vegar á 40 % hlut til stofnfjárfesta og hins vegar á 35 % hlut til Fjárfars ehf.

Árna er sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu Íslandsbanki annars vegar og Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðssonar sem eigendur að öllu hlutafé í Vöruveltunni hf., sem þá rak verslanir undir heitinu 10-11, samning um að selja allt að 75 % eignarhlut í félaginu. Enn fremur kom fram að stefnt yrði að selja eftirstandandi 25 % eignarhlut á komandi árum. Í samningum kom fram að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðilar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Samkvæmt samningnum var gengið út frá því að heildarverðmæti félagsins næmi um kr. 1.400.000.000. Samkvæmt samningnum tók Íslandsbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupenda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000. Fyrir liggur að sá eignarhlutur var seldur til Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans hf. o. fl. Enn fremur kom fram að sá 5 % eignahlutur, sem eftir stóð, skyldi seldur við skráningu félagsins á Verðbréfaþingi Íslands.

- Skjal málsins nr. II/50.7

Árni er spurður hvort hann þekki til þessa samnings.

Árni segir að hann hafi aldrei séð þennan samning áður.

Árna er sýnt afrit af lánabeiðnum Fjárfars og Eiríks Sigurðssonar hjá Íslandsbanka vegna kaupa á hlutum í Vöruveltunni, dags. 16. nóvember 1998; afrit af tveimur lánstilboðum að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.5.1, II/50.5.2, II/50.5.3 og II/50.5.4

Árna er sérstaklega sýnt afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998. Samkvæmt viðauka 1 segir meðal annars eftirfarandi:

- Skjöl málsins nr. II/50.5.4

Fjárfar ehf. er nýstofnað fyrirtæki. Félagið er stofnað af Heklu hf. og Sævari Jónssyni. Á næstu dögum munu ganga til liðs við félagið Tryggingarmiðstöðin og Árni Samúelsson. Þessi aðilar hafa ákveðið að kaupa 35 % eignarhlut í Vöruveltunni hf. ...

Árni er spurður hvort hann hafi komið að þessari lánveitingu hjá Íslandsbanka hf.

Árni segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þetta og hafi aldrei séð þessa pappíra. Árni segir að hann sé algjörlega forviða yfir þessu hvernig nafn hans hefur þarna verið notað.


Árni er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Arni segir að hann vilji áréttta að hann sé forviða og mjög ósáttur við hvernig nafn hans hafi verið notað án leyfis með þessum hætti. Arni segir að honum finnst þessi vinnubrögð Íslandsbanka hf. með eindæmum, þ. e. að lána 450 milljónir til félags án þess að kanna hverjir væru það að baki.

Arni hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.


Yfirheyrslu og yfirllestri skýrslu lokið miðvikudaginn 8. júní 2005 kl. 14.30

Yfirlesið staðfest rétt



Arni Samúelsson

Skýrslu gerir



Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Vottur að undirritun skýrslu



Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi